Messur

Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudag 28. ágúst 1988.
Árbæjarkirkja: Guðsþjónusta kl. 11 árdegis. Organleikari Jón Mýrdal. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.
Áskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.
Breiðholtskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Jónas Þórir. Sr. Gísli Jónasson.
Bústaðakirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Einsöngur Guðrún Jónsdóttir. Prestur sr. Ólafur Jens Sigurðsson. Söknarnefndin.
Dómkirkjan: Messa kl. 11. Dómkórinn syngur. Organisti Marteinn Hunger Friðriksson. Sr. Lárus Halldórsson.
Viðeyjarkirkja: Messa kl. 14. Dómkórinn syngur. Organisti Marteinn H. Friðriksson. Sr. Lárus Halldórsson. Kl. 16.00 – orgelleikur. Marteinn H. Friðriksson leikur á nýja orgelið í Viðeyjarkirkju í 30 mín.
Landakotsspítali: Messa kl. 13. Organleikari Birgir Ás Guðmundsson. Sr. Hjalti Guðmundsson.
Elliheimilið Grund: Guðsþjónusta kl. 10. Sr. Árelíus Níelsson.
Fella- og Hólakirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Guðný Margrét Magnúsdóttir. Sr. Hreinn Hjartarson.
Frikirkjan í Reykjavík: Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Kristín Jónsdóttir. Sr. Cecil Haraldsson.
Grensáskirkja: Messa kl. 11. Organisti Árni Arinbjarnarson. Sr. Halldór S. Gröndal.
Hallgrímskirkja: Messa kl. 11. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Þriðjudag: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum.
Landspítalinn: Messa kl. 10. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson.
Háteigskirkja: Messa kl. 11. Sr. Tómas Sveinsson. Kvöldbænir og fyrirbænir eru í kirkjunnni á miðvikudögum kl. 18.
Kópavogskirkja: Guðsþjónusta kl. 11 árdegis. Sr. Árni Pálsson.
Langholtskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Prestur sr. Ólöf Ólafsdóttir. Organisti Jón Stefánsson. Heitt á könnunni eftir athöfn. Söknarnefndin.
Laugarnessókn: Laugardaginn 27. ágúst: Messa í Hátúni 10b 9. hæð kl. 11. Guðsþjónusta í Áskirkju sunnudag kl. 11. Söknarprestur.
Neskirkja: Messa kl. 11. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Sr. Ólafur Jóhannsson. Miðvikudag: Fyrirbænamessa kl. 18.20. Sr. Ólafur Jóhannsson.
Seljakirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Guðni Gunnarsson skólaprestur messar. Organisti Kjartan Sigurjónsson. Seljasókn.
Seltjarnarneskirkja: Messa kl. 11. Organisti Sighvatur Jónasson. Sr. Guðmundur Örn Ragnarsson.

Sýningar

Árbæjarsafn
Í sumar stendur yfir sýning um Reykjavík og rafmagnið. Auk þess er uppi sýning um fornleifauppgröftinn í Viðey sumarið 1987. „Gömlu" sýningarnar um m.a. gatnagerð, slökkviliðið, hafnargerð og járnbrautina eru að sjálfsögðu á sínum stað. Opið kl. 10–18 alla daga nema mánudaga. Veitingar í Dillonshúsi frá kl. 11–17.30. Sími 84412.

Ásgrímssafn
Bergstaðastræti 74
Lokað um óákveðinn tíma.

Gallerí Birgis Andréssonar
Vesturgötu 20, bakdyr
Þar stendur yfir sýning á verkum þýska listamannsins Gerhard Amman. Galleríið er opið á kvöldin og eftir samkomulagi. Áður hafa sýnt í galleríinu listamennirnir Halldór Ásgeirsson, Árni Ingólfsson, Bjarni H. Þórarinsson, Kees Visser og Ragna Róbertsdóttir. Sýning Gerhards stendur út mánuðinn.

Verk úr torfi og grjóti


Ragna Róbertsdóttir við eitt verkanna á sýningunni.

Á morgun opnar Ragna Róbertsdóttir sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum.

Ragna, sem er fædd árið 1945, stundaði myndlistarnám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1963–1967 og 1968–70 og síðan í Konstfack í Stokkhólmi 1970–71. Hún hefur áður haldið þrjár einkasýningar en einnig hefur hún tekið þátt í fjölda einkasýninga á undanförnum árum víða um heim, meðal annars í Japan, Ungverjalandi og Póllandi. Var hún tilnefnd borgarlistamaður Reykjavíkur árið 1987.


Sjö verk eru á sýningunni og mynda þau eina heild. Eru þau öll úr torfi og grjóti. Sýningin er opin alla daga kl. 14–22. Hún stendur til 11. september.

Rýmisverk úr ýmsu

Messíana Tómasdóttir sýnir rýmisverk úr málmi, tré, steini, og speglum og myndir unnar með akríl í pappír á sýningu sem hún opnar á morgun í FÍM salnum, Garðastræti 6. Tema sýningarinnar er vatn/fjall –nálægð/fjarlægð.

Messíana hefur um árabil starfað hér á landi og erlendis að leikmyndagerð og brúðuleikhúsi. Í verkunum á sýningunni er vægið frekar á hugsun en tilfinningu. Sýningin fjallar um draum listamanns um betra líf fyrir plánetuna Jörð sem manneskjan er að leggja í rúst í stað þess að virða og lifa í sátt við hana.

Á laugardögum og sunnudögum, á meðan á sýningunni stendur, flytur Ása Björk hreyfiverk við söng Ásu Hlínar Svavarsdóttur en það verk byggist á ljóðum og tónlist sem urðu til samsíða rýmisverkunum. Mun þessi flutningur hefjast kl. 15 og 17 þessa daga.


Vegur eftir Messíönu Tómasdóttur.


Loic Mallié leikur af fingrum fram í lok hverra tónleika.

Franskur orgel

– í tónleikaferð um lan

Franski orgelleikarinn Loic Mallié er hér á landi um þessar mundir í boði Alliance francaise. Hann heldur hér þrenna tónleika. Þeir fyrstu verða í Prestsbakkakirkju á Síðu sunnudaginn 28. ágúst. Á þriðjudag, 30. ágúst, mun hann leika í Akureyrarkirkju. Síðustu tónleikarnir verða síðan í Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 1. september kl. 20.30.

Efnisskráin verður breytileg í samræmi við möguleika hljóðfæranna í kirkjunum þremur. En búast má við verkum eftir Bach og Messiaen. Í Dómkirkjunni mun Loic Mallié einnig leika verk eftir sjálfan sig en hann er afkastamikið tónskáld og hefur samið allmörg verk, bæði fyrir einleik og stórar hljómsveitir. Í lok allra tónleikanna leikur hann af fingrum fram.

Loic Mallié fæddist í La Baule í Frakklandi árið 1947. Hann stundaði nám í tónsmíðum og píanó- og orgelleik við tónlist-

Bókasafn Kópavogs
Sýning stendur nú yfir í listastofu bókasafns Kópavogs á 11 olíumálverkum eftir Elías B. Halldórsson. Sýningin er opin á sama tíma og bókasafnið, mánudaga til föstudaga kl. 9–21, og stendur hún út ágúst. Bókasafnið er til húsa í Fannborg 3–5, aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

FÍM-salurinn
Garðastræti 6
Messíana Tómasdóttir sýnir rýmisverk úr málmi, tré, steini og speglum og myndir unnar með akríl í pappír dagana 27. ágúst til 11. september. Klukkan 15 og 17 þá laugar- og sunnudaga, sem sýningin stendur yfir, flytur Ása Björk hreyfiverk við söng Ásu Hlínar Svavarsdóttur, en það verk byggist á ljóðum og tónlist sem urðu til samsíða rýmisverkunum. Sýning verður opin alla daga kl. 14–19 og stendur hún til 11. september.

Gallerí Grjót
Skólavörðustíg 4a
Samsýning meðlima gallerís Grjóts. Á sýningunni eru málverk, grafík, teikningar, skúlptúrar í stein, leir, járn og stál, nytjahlutir úr leir og silfurskartgripir.

Gallerí List
Skipholti 50
Í Gallerí List verður til sýnis og sölu í júní, júlí og ágúst verk eftir Braga Hannes, Erlu B. Axelsdóttur, Hjördísi Frímann, Sigurð Þóri, Elías B. Halldórsson, Helgu Ármanns, Guðmund Karl, Tolla, Svein Björnsson, Ingunni Eydal og fl., einnig rakú og keramik.

Grafík Gallerí Borg
Austurstræti 10
Í glugga grafík-gallerísins stendur nú yfir kynning á grafíkmyndum eftir Daða Guðbjörnsson og keramikverkum eftir Borghildi Óskarsdóttur. Auk þess er til sölu úrval grafíkmynda eftir fjölda listamanna.

Gallerí Borg
Pósthússtræti 9
Í Gallerí Borg stendur yfir sýning á verkum gömlu meistaranna. Sýningin er sölusýning og stendur yfir í sumar. Skipt verður um verk reglulega.

Gallerí Gangskör
Þar stendur yfir sýning gangskörunga á málverkum, grafík og keramiki. Sýningin er opin alla daga nema mánudaga kl. 12–18.

Gallerí Langbrók
Bókhlöðustíg 2, textílgallerí
Opið þriðjudaga til föstudaga kl. 12–18 og laugardaga kl. 11–14.

Gallerí „Undir pilsfaldinum"
Vesturgötu 3b
Laugardaginn 27. ágúst opna þau Kristín María Ingimundardóttir og Jóhannes Eyfjörð sýningu á málverkum og skúlptúrum. Sýningin verður opin daglega kl. 15–21 og stendur til 7. september.

Hafnargallerí, Hafnarstræti 4,
Guðrún Einarsdóttir sýnir olíumálverk í Hafnargallerí dagana 26. ágúst til 7. september nk. Guðrún útskrifaðist úr málaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands sl. vor. Sýningin er opin virka daga kl. 9–18 og laugardaga kl. 9–12.

Kjarvalsstaðir
við Miklatún
Ragna Róbertsdóttir opnar á morgun kl. 14 sýningu á skúlptúrum úr torfi og grjóti sem hún hefur unnið að sl. tvö ár. Ragna stundaði nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Konstfack, Stokkhólmi. Ragna hefur haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum. Sýningin er opin frá kl. 14–22 alla daga til 11. september. Í austurforsal opnar Sigríður Gyða Sigurðardóttir sýningu á málverkum.

Listasafn Einars Jónssonar
við Njarðargötu
er opið alla daga nema mánudaga kl. 13.30–16. Höggmyndagarðurinn er opinn daglega kl. 11–17.

Listasafn Háskóla Íslands
í Odda, nýja hugvísindahúsinu, er opið daglega kl. 13.30–17. Þar eru til sýnis 90 verk í eigu safnsins, aðallega eftir yngri listamenn þjóðarinnar. Aðgangur að safninu er ókeypis.

Listasafn Íslands
Fríkirkjuvegi 7
Til sýnis íslensk verk í eigu safnsins. Kaffistofan er opin á sama tíma og sýningarsalirnir, frá kl. 11–17 alla daga nema mánudaga.

Mokka kaffi
Skólavörðustíg
Halldóra Emilsdóttir sýnir pastelmyndir á Mokka. Verkin eru unnin á þessu ári. Halldóra lauk námi frá málaradeild MHÍ 1987. Sýningin, sem er sölusýning, stendur út ágúst.

Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns
Einholti 4
Opið á sunnudögum kl. 14–16.

Norræna húsið
Á morgun kl. 15 verður opnuð sýning sem nefnist Norrænt grafík-þríár. Þetta er sýning sem Norræna húsið hefur unnið í samráði við félagið Íslenska grafík og eins og nafnið gefur til kynna er ætlunin að sýning sem þessi verði fastur liður í sýningarhaldi hússins 3ja hvert ár héðan í frá. Listamennirnir, sem boðið var að sýna að þessu sinni, eru Vignir Jóhannesson frá Íslandi, Yngve Næsheim frá Noregi, Finn Richardt Jørgensen frá Danmörku, Krystyna Piotrowska frá Sviðþjóð og Tuomo Saali frá Finnlandi. Auk þess eru verk eftir Mimmo Paladino frá Ítalíu, sem er sérstakur gestur sýningarinnar. Sýningin stendur til sunnudagsins 18. september.

Nýhöfn
v/Hafnarstræti
Þar stendur yfir sumarsýning á verkum ýmissa listamanna. Verkin eru til sölu og eru afhent strax. Opið alla virka daga kl. 12–18 en lokað um helgar.

Stofnun Árna Magnússonar
Handritasýning Árna Magnússonar er í Árnagarði við Suðurgötu á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum kl. 14–16.

Póst- og símaminjasafnið
Austurgötu 11
Opið á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15–18. Aðgangur ókeypis.

Þjóðminjasafn Íslands
Safnið er opið alla daga vikunnar nema mánudaga frá kl. 11–16.

SÝNINGAR Á LANDSBYGGÐINNI

Þrastarlundur
Í Þrastarlundi stendur yfir sölusýning á landslagsmálverkum, unnum í olíu, eftir Magnús Ingvarsson frá Mosfellsbæ. Þetta er 6. sýning Magnúsar og stendur hún til 4. september.

Ferðalög

Útivistarferðir
Helgarferðir 26.–28. ágúst:
1. Þórsmörk – Goðaland. Góð gisting í útivistarskálunum Básum. Gönguferðir fyrir unga sem aldna.
2. Núpsstaðarskógar. Gist í tjöldum við skógana. Gönguferðir m.a. að Tvílitahyl og Súlutindum. Brottför kl. 18.
Helgarferð út í bláinn 2.–4. sept. Farið á nýjar áhugaverðar slóðir. Gist í húsum. Uppl. og farm. á skrifst. Grófinni 1, símar 14606 og 23732.
Sunnudagsferðir 28. ágúst:
Kl. 8 Þórsmörk – Goðaland. Eins dags

FYLGSTU MEÐ Í VINNUNNI
SPORTBÍLL OG SPÍTTBÁTUR